



TILLAGA

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Tillaga um stæði fyrir hreyfihamlaða við Baldursgötu

Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar leggur til að umhverfis- og skipulagsráð samþykki eftirfarandi sérákvæði fyrir umferð:

- Bifreiðastæði við Baldursgötu 14 verði merkt sem stæði fyrir hreyfihamlaða

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Greinargerð:

Bifreiðastæðið við Baldursgötu 14 var áður sérmerkt stæði fyrir hreyfihamlaðan einstakling. Skilti þess efnis hefur verið fjarlægt en enn má sjá merkingar í götu. Í nágrenninu eru ekki mörg stæði fyrir hreyfihamlaða og liggur því vel fyrir að merkja umrætt stæði sem almennt stæði fyrir hreyfihamlaða.

Í samræmi við 1. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 hefur tillagan verið borin undir og samþykkt af lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu.

Virðingarfyllst,
Bjarni Rúnar Ingvarsson
staðgengill samgöngustjóra

Hjálagt: yfirlitsmynd með fyrirhuguðu stæði fyrir hreyfihamlaða merktu



Yfirlitsmynd með fyrirhuguðu stæði merkt inn á myndina